



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA
VIÐHORFSKÖNNUN

Unnið fyrir Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Ella Björt Daníelsdóttir
Kristjana Stella Blöndal
Janúar 2006

Efnisyfirlit

TÖFLUSKRÁ	3
MYNDASKRÁ	5
1. FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT	7
2. NIÐURSTÖÐUR	9
2.1. Bakgrunnspættir.....	9
2.2. Starfsemi F.í.h.....	13
2.3. Starfsemi F.í.h. og bakgrunnspættir.....	19
2.4. Tímarit hjúkrunarfræðinga.....	21
2.5. Tímarit hjúkrunarfræðinga og bakgrunnspættir.....	27
2.6. Símenntun.....	29
2.7. Símenntun og bakgrunnspættir.....	33
2.8. Orlofsjóður F.í.h.....	35
2.9. Orlofsjóður F.í.h. og bakgrunnspættir.....	43
3. VIÐAUKI-BAKGRUNNSTÖFLUR	47

Töfluskrá

TAFLA 1.1.	HEIMTUR.....	7
TAFLA 2.1.1.	STARFSVETTIVANGUR MINN ER.....	9
TAFLA 2.1.2.	ÁTT ÞÚ LÖGHEIMILI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EÐA LANDSBYGGÐINNI?.....	9
TAFLA 2.1.3.	HVERT ER STARFSHLUTFALL ÞITT.....	10
TAFLA 2.1.4.	ALDUR SVARENDA.....	10
TAFLA 2.1.5.	HVER ER STARFSALDUR ÞINN INNAN HJÚKRUNAR?.....	10
TAFLA 2.1.6.	HVAÐA SVÆÐISDEILD FÍH TILHEYRIR ÞÚ?	11
TAFLA 2.1.7.	HVERSU MARGIR BÚA Á HEIMILI ÞÍNU?.....	11
TAFLA 2.1.8.	FJÖLDI BARNNA UNDIR 18 ÁRA ALDRI SEM BÚA Á HEIMILI ÞÍNU.....	11
TAFLA 2.2.1	LEITADIR ÞÚ TIL FÍH Á SÍÐASTA ÁRI?.....	13
TAFLA 2.2.2.	HVERSU VEGNA LEITADIR ÞÚ TIL FÉLAGSINS?.....	13
TAFLA 2.2.3.	HVERSU GÓÐ EÐA SLÆM FANNST ÞÉR SÚ ÞJÓNUSTA SEM ÞÚ FÉKKST.....	14
TAFLA 2.2.4.	FINNST ÞÉR ÞÚ VITA NÓGU MIKIÐ UM STYRKI HJÁ FÍH?.....	14
TAFLA 2.2.5.	FINNST ÞÉR ÞÚ VITA NÓGU MIKIÐ UM STYRKI HJÁ BHM?.....	14
TAFLA 2.2.6.	TELUR ÞÚ ÞIG HAFNA MIKINN, NOKKURN EÐA LÍTINN HAG AF AÐILD ÞÍNNI Í FÍH?.....	15
TAFLA 2.2.7.	TELUR ÞÚ ÞIG HAFNA MIKINN, NOKKURN EÐA LÍTINN HAG AF AÐILD ÞÍNNI Í BHM?.....	15
TAFLA 2.2.8.	HVERSU SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) ERTU VIÐ HEFÐBUNDNA SUMARLOKUN SKRIFSTOFU FÍH?.....	16
TAFLA 2.2.9.	HVERSU SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) ERTU VIÐ HEFÐBUNDNA LOKUN SKRIFSTOFU FÍH MILLI JÓLA OG NÝÁRS?.....	17
TAFLA 2.4.1.	HVERSU OFT AÐ JAFNAÐI LEST ÞÚ TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA?.....	21
TAFLA 2.4.2.	HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERT ÞÚ MEÐ TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA?.....	21
TAFLA 2.4.3.	HVAÐ LESTU HELST Í BLAÐINU?.....	22
TAFLA 2.4.4.	FINNST ÞÉR MEGA VERA MEIRI EÐA MINNI UMFJÖLLUN UM EFTIRFARANDI EFNISFLOKKA EÐA FINNST ÞÉR HÚN HÆFILEG EINS OG HÚN ER?.....	23
TAFLA 2.4.5.	HEFURÐU KYNNT ÞÉR RITSTJÓRNARSTEFNU TÍMARITSINS?.....	23
TAFLA 2.4.6.	EF JÁ, ERTU ÁNÆGÐ(UR) MEÐ HANA?.....	23
TAFLA 2.4.7.	HVERJU VILTU BREYTA?.....	24
TAFLA 2.4.8.	MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ GEFIN YRÐU ÚT 1-2 SÉRRIT Á ÁRI MEÐ RITRÝNDUM GREINUM?.....	24
TAFLA 2.4.9.	MYNDIR ÞÚ VILJA FÆKKA EÐA FJÖLGA FJÖLDA TÖULBLAÐA Á ÁRI?.....	24
TAFLA 2.4.10.	MYNDIR ÞÚ VILJA EIGA KOST Á AÐSTOÐ FRÁ FÍH VIÐ SKRIF FRÆÐIGREINA?.....	25
TAFLA 2.6.1.	HVE OFT Á SÍÐASTLIÐNUM 12 MÁNUÐUM HEFUR ÞÚ SÓTT FAGLEGA SÍMENNTUN?.....	29
TAFLA 2.6.2.	ER EITTHVAÐ EFTIRTALIÐ ÁSTÆÐA FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ SÓTTIR EKKERT NÁMSKEIÐ Á SÍÐASTLIÐNUM 12 MÁNUÐUM?.....	29
TAFLA 2.6.3.	HVERT SÆKIR ÞÚ FAGLEGA SÍMENNTUN?.....	30
TAFLA 2.6.4.	HVAR LEITAR ÞÚ UPPLÝSINGA UM FAGLEGA SÍMENNTUN?.....	30
TAFLA 2.6.5.	HVAÐA TÍMI HENTAR ÞÉR HELST TIL AÐ SÆKJA FAGLEGA SÍMENNTUN?.....	31
TAFLA 2.6.6.	HVERNIG SINNIR ÞÚ ÞÍNNI FAGLEGU SÍMENNTUN?.....	32

TAFLA 2.6.7.	HVERT VILT ÞÚ HELST SÆKJA ÞÍNA FAGLEGU SÍMENNTUN?.....	32
TAFLA 2.6.8.	MYNDIR ÞÚ NÝTA ÞÉR FRÆÐSLU FÍH Í GEGNUM FJARFUNDARBÚNAÐ?.....	33
TAFLA 2.8.1.	ERTU MEÐ FULLA AÐILD AÐ FÍH EÐA ERTU EINGÖNGU MEÐ AÐILD AÐ FAGFÉLAGI FÍH?.....	37
TAFLA 2.8.2.	Á HVERT AF EFTIRTÖLDUM ATRIÐUM MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ LÖGÐ VÆRI MEST ÁHERSLA Í ORLOFSSJÓÐI FÍH?.....	37
TAFLA 2.8.3.	Á HVAÐA LANDSVÆÐI MYNDIR ÞÚ HELST VILJA FJÖLGA BÚSTÖÐUM?.....	38
TAFLA 2.8.4.	HVERSU MÖRG SVEFNRYMI MYNDIR ÞÚ VILJA HAFI Í ORLOFSHÚSI/ -ÍBÚÐ?.....	38
TAFLA 2.8.5.	HVAÐA TÆKI/BÚNAÐ VILDIR ÞÚ SJÁ Í ORLOFSHÚSUM/-ÍBÚÐUM?.....	39
TAFLA 2.8.6.	HVERNIG MYNDIR ÞÚ VILJA AÐ ÞRIFUM Á ORLOFSHÚSUM/-ÍBÚÐUM VÆRI HÁTTAÐ?.....	39
TAFLA 2.8.7.	VERÐ FYRIR ORLOFSHÚS ER 15.000 KR. FYRIR VIKULEIGU Á SUMRIN EN 8.000 KR. FYRIR HELGARLEIGU Á VETURNA. TELUR ÞÚ LEIGUNA FYRIR ORLOFSHÚS VERA:.....	40
TAFLA 2.8.8.	HEFUR ÞÚ SÓTT UM Í ORLOFSSJÓÐINN Á SÍÐUSTU 5 ÁRUM?.....	40
TAFLA 2.8.9.	HEFUR ÞÚ FENGIÐ ORLOFSHÚS EÐA ORLOFSSTYRK Á SÍÐUSTU 5 ÁRUM?.....	40
TAFLA 2.8.10.	HVERS VEGNA HEFUR ÞÚ EKKI SÓTT UM Á SÍÐUSTU 5 ÁRUM?.....	41
TÖFLUR 3.1.-3.43.	VIÐAUKI – BAKGRUNNSTÖFLUR.....	47

Myndaskrá

MYND 2.2.1.	HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU MEÐ EFTIRFARANDI ÞÆTTI Í STARFSEMI FÍH?.....	16
MYND 2.8.1.	GEFÐU EFTIRFARANDI ÞJÓNUSTU ORLOFSSJÓÐSINS EINKUNN ÞAR SEM EINN ER LÆGSTA EINKUNN OG FIMM ER HÆSTA EINKUNN.....	42

1. FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT

Framkvæmd: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun meðal allra félagsmanna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 75 ára og yngri sem búsettir voru hér á landi. Könnunin fór fram dagana 16. nóvember til 15. desember 2005. Alls fengu 3127 félagsmenn sent bréf um könnunina þann 10. nóvember 2005 þar sem vefslóð könnunarinnar var gefin upp. Þeir sem þess óskuðu fengu hins vegar spurningakönnunina senda í bréfpósti. Tvö ítrekunarbref voru send út í lok nóvember þar sem fólk var hvatt til að taka þátt. Annars vegar fengu allir félagsmenn ítrekun í bréfpósti og hins vegar fengu tæplega 1.800 félagsmenn sem F.í.h. hafði tiltæk netföng hjá senda ítrekun í tölvupósti.

Í könnuninni var spurt um afstöðu félagsmanna til starfsemi og þjónustu F.í.h., Tímarits hjúkrunarfræðinga, orlofsmála og fræðslu- og símenntunarþörf hjúkrunarfræðinga.

Heimtur: Svör bárust frá 1206 félagsmönnum á vefnum og 41 í bréfpósti. Alls bárust því 1247 svör, sem er 39,9% svarhlutfall. Helstu upplýsingar um framkvæmdina má sjá í töflu 1.1.

Tafla 1.1. Heimtur

Upplýsingasöfnun	16. nóv. til 15.des. 2005
Heildarhópur	3.127 manns
Framkvæmdamáti	Netkönnun/ póstkönnun
Svörun á vefnum	38,6% (1.206)
Svörun í pósti	1,3% (41)
Svörun alls	39,9% (1412)

Marktekt: Munur á hópum eftir bakgrunnspáttum var metinn með kí-kvaðratprófi. Í töflunum hér á eftir eru stjórnur notaðar til þess að tákna tölfræðilega marktækan mun á milli hópa. Þrjár stjórnur merkja að 99,9% líkur séu á því að munur eftir bakgrunnspáttum sem fram kemur meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra meðlima F.í.h., það er í öllu þýðinu ($p < 0,001$). Tvær stjórnur merkja að 99% líkur séu á að munur sé einnig til staðar í þýði ($p < 0,01$) og ein stjarna að líkurnar séu 95% ($p < 0,05$).

2. NIÐURSTÖÐUR

2.1. Bakgrunnspættir

Skýrslan skiptist í tvo meginkafla. Undir niðurstöðukafla eru undirkaflar sem eru númeraðir sérstaklega. Í viðauka eru töflur þar sem bakgrunnsgreining er sett fram.

Líkt og áður kom fram eru svarendur alls 1247 eða 39,9% af úrtaki. Þátttakendur voru beðnir um að veita bakgrunnsupplýsingar sem voru svo notaðar til þess að greina önnur svör þeirra í könnuninni. Eftirfarandi sex bakgrunnspættir voru notaðir til þess að greina svör frekar: aldur, búseta, starfsaldur, fjöldi á heimili, starfsvettvangur og menntun. Í könnuninni var auk þess spurt um fjölda barna undir 18 ára aldri og hvaða svæðisdeild F.í.h. viðkomandi tilheyrði.

Þegar spurt var um starfsvettvang sagðist stærsti hópurinn starfa á sjúkrahúsi (sjá töflu 2.1.1.). Um fjórðungur starfaði á heilbrigðisstofnun og einn tíundi hluti á hjúkrunar- eða dvalarheimili. Af þeim sem sögðu starfsvettvang sinn falla undir annað sagðist stærstur hluti hópsins vinna í einkageiranum, eða 17 manns¹.

Tafla 2.1.1. Starfsvettvangur minn er*

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall svarenda</i>
Sjúkrahús	601	51%	56%
Heilbrigðisstofnun	265	22%	25%
Hjúkrunar- eða dvalarheimili	132	11%	12%
Sjálfstætt starfandi	56	5%	5%
Ekki í starfi	94	8%	9%
Annað	41	3%	4%
<i>Alls</i>	<i>1188</i>	<i>100%</i>	<i>111%</i>

**Leyfilegt var að merkja við fleiri en einn möguleika og því er samanlagt hlutfall svarenda yfir 100%*

¹ Fyrstu fimm dagana sem könnunin var opin var einungis hægt að merkja við einn valmöguleika. Um 260 manns voru búnir að svara könnuninni áður en spurningin um starfsvettvang var lögð þannig að hægt væri að velja fleiri en eitt atriði. Því gætu enn fleiri svarendur starfað á fleiri en einum starfsvettvangi en þau 11% sem hér koma fram.

Eins og sést í töflu 2.1.2. átti meirihluti svarenda, eða tveir þriðju hlutar, heimili á höfuðborgarsvæðinu en þriðjungur átti lögheimili á landsbyggðinni.

Tafla 2.1.2. Átt þú lögheimili á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæðinu	764	70%
Landsbyggðinni	328	30%
Svarar ekki	155	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Meirihluti svarenda var í fullu starfi (57%) og fjórðungur var í 80 til 99% starfi (sjá töflu 2.1.3.). Fimmtungur sagði starfshlutfall sitt vera undir 80%.

Tafla 2.1.3. Hvert er starfshlutfall þitt?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
0%-50%	107	8%
51%-79%	159	11%
80%-99%	341	24%
100% og hærra	402	57%
Svarar ekki	238	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Meðalaldur svarenda var 46,7 ár og var stærsti hópurinn á aldrinum 45 til 54 ára, eða rúmlega þriðjungur (sjá töflu 2.1.4.). Þá var um fjórðungur á bilinu 35 til 44 ára, álfka margir á aldrinum 55 ára og eldri og um 16% á aldrinum 25 til 34 ára.

Tafla 2.1.4. Aldur svarenda

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
25-34 ára	165	16%
35-44 ára	275	26%
45-54 ára	371	35%
55 ára og eldri	239	23%
Svarar ekki	197	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Í töflu 2.1.5. kemur fram að þriðjungur svarenda hafði starfað við hjúkrun í 25 ár eða meira. Rúmlega fjórðungur hafði starfað við hjúkrun í 15,5 til 25 ár og álfka margir í 5,5 til 15 ár. Líkt og við var að búast reyndust fæstir svarenda hafa starfað í 5 ár eða skemur, eða um 15%.

Tafla 2.1.5. Hver er starfsaldur þinn innan hjúkrunar?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
5 ár eða skemur	156	15%
5,5-15 ár	263	25%
15,5-25 ár	280	27%
25 ár eða lengur	355	34%
Svarar ekki	193	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Spurt var hvaða svæðisdeild F.í.h. svarendur tilheyrðu. Langflestir reyndust tilheyra deild Reykjavíkur, eða um tveir þriðju svarenda og rúmlega tíundi hluti tilheyrði deild Norðurlands eystra (sjá töflu 2.1.6.). Mun færri svarendur tilheyrðu öðrum svæðisdeildum, eða á bilinu eitt til fimm prósent.

Tafla 2.1.6. Hvaða svæðisdeild F.í.h. tilheyrir þú?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Deild Reykjavíkur	719	68%
Deild Norðurlands eystra	126	12%
Deild Suðurlands	51	5%
Deild Vesturlands	44	4%
Deild Suðurnesja	29	3%
Deild Norðurlands vestra	31	3%
Deild Austurlands	33	3%
Deild Vestfjarða	20	2%
Deild Vestmannaeyja	9	1%
Svarar ekki	185	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Svarendur voru einnig spurðir hve margir byggju á heimili þeirra og hvort einhver börn undir 18 ára aldri væru á heimilinu. Fæstir bjuggu einir eða tæplega tíundi hluti (sjá töflu 2.1.7.). Algengasta fjölskyldustærðin var fjórir (28%) og sú næstalgengasta tveir (23%). Þá bjó um fimmtungur á þriggja manna heimili og álfka margir á heimili þar sem fimm eða fleiri bjuggu. Um 60% svarenda bjuggu á heimilum þar sem eitt eða fleiri börn undir 18 ára aldri bjuggu (sjá töflu 2.1.8.). Eitt barn var á fjórðungi heimila og tvö á tæplega fjórðungi heimila.

Tafla 2.1.7. Hversu margir búa á heimili þínu

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Einn	83	8%
Tveir	246	23%
Þrír	226	21%
Fjórir	294	28%
5 eða fleiri	210	20%
Svarar ekki	188	-
<i>Alls</i>	1247	100%

Tafla 2.1.8. Fjöldi barna undir 18 ára aldri sem búa á heimili þínu?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ekkert	424	40%
Eitt	271	25%
Tvö	238	22%
Þrjú eða fleiri	131	12%
Svarar ekki	183	-
<i>Alls</i>	1247	100%

2.2. Starfsemi F.í.h.

Í þessum kafla verða birtar niðurstöður úr spurningum um starfsemi og þjónustu F.í.h. Svarendur voru spurðir hvort þeir hefðu leitað til F.í.h. á þessu ári og sagði meirihlutinn svo vera.

Tafla 2.2.1. Leitaðir þú til F.í.h. á síðasta ári?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Já	728	59%
Nei	498	41%
Svarar ekki	21	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Þeir svarendur sem höfðu leitað til F.í.h. á árinu voru spurðir af hvaða ástæðu þeir hefðu leitað til félagsins. Algengast var að fólk hefði leitað til félagsins vegna orlofssjóðsins og næstalgengast að leitað væri til þess vegna styrktarsjóða (sjá töflu 2.2.2.). Fjórðungur tilgreindi réttindamál sem ástæðu fyrir því að leitað var til félagsins.

Tafla 2.2.2. Hvers vegna leitaðir þú til félagsins?*

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall svarenda</i>
Vegna orlofssjóðsins	369	33%	52%
Vegna styrktarsjóða	326	29%	46%
Vegna réttindamála	183	16%	26%
Vegna kjaramála	127	11%	18%
Vegna faglegra málefna	118	11%	17%
<i>Alls</i>	<i>1123</i>	<i>100%</i>	<i>158%</i>

**Leyfilegt var að merkja við fleiri en einn möguleika og því er samanlagt hlutfall svarenda yfir 100%*

Þeir sem höfðu leitað til F.í.h. á árinu 2005 voru sömuleiðis spurðir hversu góð eða slæm þeim hefði fundist sú þjónusta sem þeir fengu. Flestum fannst þjónustan mjög eða frekar góð (sjá töflu 2.2.3.). Aðeins 7% sögðu þjónustuna mjög eða frekar slæma.

Tafla 2.2.3. Hversu góð eða slæm fannst þér sú þjónusta sem þú fékkst?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Mjög góð	305	41%
Frekar góð	283	38%
Hvorki né	106	14%
Frekar slæm	34	5%
Mjög slæm	12	2%
Á ekki við	497	-
Svarar ekki	10	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Allir svarendur voru því næst spurðir hvort þeim fyndist þeir vita nógu mikið um þá styrki sem þeir ættu rétt á að sækja um hjá F.í.h. Rúmlega 70% svarenda töldu sig ekki vita nógu mikið um þessa styrki (sjá töflu 2.2.4.).

Tafla 2.2.4. Finnst þér þú vita nógu mikið um styrki hjá F.í.h.?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Nei	867	71%
Já	357	29%
Svarar ekki	23	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Að sama skapi var spurt hvort þátttakendum fyndist þeir vita nógu mikið um styrki sem þeir ættu rétt á að sækja um hjá BHM. Heldur fleiri, eða 76%, fannst þeir ekki vita nógu mikið um styrki sem í boði væru hjá BHM (sjá töflu 2.2.5.).

Tafla 2.2.5. Finnst þér þú vita nógu mikið um styrki hjá BHM?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Nei	933	76%
Já	292	24%
Svarar ekki	22	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Helmingur svarenda taldi sig hafa mjög eða frekar mikinn hag af aðild sinni í F.í.h. (sjá töflu 2.2.6.). Þriðjungur taldi sig hafa nokkurn hag af aðildinni og um 18% sagðist hafa lítinn eða engan hag af aðild í F.í.h.

Tafla 2.2.6. Telur þú þig hafa mikinn, nokkurn eða lítinn hag af aðild þinni í F.í.h.?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Mjög mikinn	206	17%
Frekar mikinn	392	32%
Nokkurn	388	32%
Lítinn	200	16%
Engan	27	2%
Veit ekki	24	-
Svarar ekki	10	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>


Einnig var spurt hve mikinn hag svarendur teldu sig hafa af aðild að BHM. Viðhorf til aðildar að BHM reyndust afar svipuð viðhorfum til F.í.h. Tæplega helmingur taldi sig hafa mjög eða frekar mikinn hag af aðild að BHM en 15% taldi sig hafa lítinn eða engan hag af henni.

Tafla 2.2.7. Telur þú þig hafa mikinn, nokkurn eða lítinn hag af aðild þinni í BHM?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Mjög mikinn	145	13%
Frekar mikinn	377	34%
Nokkurn	419	38%
Lítinn	136	12%
Engan	33	3%
Veit ekki	121	-
Svarar ekki	16	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Spurt var út í ánægju svarenda með ýmsa þætti í starfsemi F.í.h. og má sjá niðurstöðurnar á mynd 2.2.1. Af þeim þáttum sem spurt var um var mest ánægja með *viðmót starfsfólks F.í.h.* (meðaltal=4,09) og *almenna afgreiðslu* (meðaltal=3,99). Rúmlega þrjú fjórðu hlutar voru mjög eða frekar ánægðir með viðmót starfsfólks og tæplega þrjú fjórðu hlutar með almenna afgreiðslu. Einnig var töluvert mikil ánægja með *símsvörun* (meðaltal=3,94) og *heimasíðu F.í.h.* (meðaltal=3,87), rúmlega 70% voru mjög eða frekar ánægðir með þessa þætti í

þjónustunni. Minnst ánægja var með *starfsemi F.í.h. í heild sinni* (meðaltal=3,60) og *hagsmunagæslu* (meðaltal=3,26). Rúmlega 60% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með starfsemina í heild og 44% höfðu þessi viðhorf til hagsmunagæslu F.í.h.



*M táknar meðaltal, herra meðaltal gefur til kynna meiri ánægju.

Mynd 2.2.1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með eftirfarandi þætti í starfsemi F.í.h.?

Könnuð var afstaða til hefðbundinnar sumarlokunar skrifstofu F.í.h. en skrifstofan er lokuð síðustu þrjár vikurnar í júlí. Stærstur hluti svarenda var hlutlaus í afstöðu sinni til sumarlokunar, eða 40% svarenda (sjá töflu 2.2.8.). Rúmlega fjórðungur sagðist frekar sáttur við lokunina og heldur færri (22%) mjög sáttir. Einungis um tíundi hluti var frekar eða mjög ósáttur við sumarlokun skrifstofunnar.

Tafla 2.2.8. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu við hefðbundna sumarlokun skrifstofu F.í.h.?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Mjög sátt(ur)	268	22%
Frekar sátt(ur)	332	27%
Hvorki né	491	40%
Frekar ósátt(ur)	113	9%
Mjög ósátt(ur)	23	2%
Svarar ekki	20	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Viðhorf til hefðbundinnar lokunar skrifstofu F.í.h. á milli jóla og nýárs reyndust mjög svipuð og til sumarlokunar. Þó voru heldur fleiri mjög sáttir við lokun milli jóla og nýárs en með sumarlokun, eða tæpur þriðjungur. Einungis 6% voru mjög eða frekar ósátt við lokun á þessum tíma (sjá töflu 2.2.9.).

Tafla 2.2.9. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ert þú við hefðbundna lokun skrifstofu F.í.h. á milli jóla og nýárs?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Mjög sátt(ur)	368	30%
Frekar sátt(ur)	330	27%
Hvorki né	464	38%
Frekar ósátt(ur)	48	4%
Mjög ósátt(ur)	21	2%
Svarar ekki	16	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

2.3. Starfsemi F.í.h. og bakgrunnspættir

Hér að framan hefur verið greint frá niðurstöðum um afstöðu svarenda til starfsemi F.í.h. og verður nú fjallað um þann mun sem kom fram þegar litið var til bakgrunnspátta, þ.e. aldurs, búsetu, starfsaldurs, fjölda á heimili, starfsvettvangs og menntunar.² Niðurstöðurnar í heild sinni eru settar fram í bakgrunnstöflum 3.1. – 3.14. á bls. 47 - 60.

Aldur: Hlutfallslega færri svarendur í aldurshópnum 55 ára og eldri sögðust hafa leitað til F.í.h. á síðasta ári en þeir sem yngri voru. Af þeim sem leituðu til F.í.h. fannst hlutfallslega fleirum í þessum aldurshópi en yngri aldurshópum þjónustan sem þeir fengu mjög góð en fæstum í aldurshópnum 35 til 44 ára. Hlutfallslega fleiri á aldrinum 25 til 34 ára en eldri svarendur töldu sig ekki vita nógu mikið um styrki sem þeir eiga rétt á hjá F.í.h. og BHM. Hlutfallslega færri í yngsta aldurshópnum (25-34 ára) en í eldri aldurshópnum voru mjög ánægðir með almenna afgreiðslu F.í.h. og fór ánægjan stigvaxandi eftir því sem svarendur voru eldri. Hið sama var uppi á teningnum hvað varðaði símsvörun og viðmót starfsfólks, hlutfallslega fæstir í yngsta aldurshópnum voru mjög ánægðir en hlutfallslega flestir í þeim elsta (55 ára og eldri). Þegar spurt var um viðhorf til lokunar skrifstofu F.í.h. að sumri til og milli jóla og nýárs kom enn sama mynstur fram, hlutfallslega fæstir í yngsta aldurshópnum voru mjög sáttir við lokanirnar en hlutfallslega flestir í elsta aldurshópnum.

Búseta: Almennt var lítil munur á svörum um starfsemi F.í.h. eftir búsetu. Þeir sem höfðu leitað til F.í.h. voru spurðir hvernig þjónustu þeir hefðu fengið. Þó að afar fáir hafi sagt þjónustuna frekar eða mjög slæma, höfðu hlutfallslega fleiri svarendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni þessa afstöðu. Höfuðborgarbúar voru einnig heldur óánægðari með hagsmunagæslu og starfsemi F.í.h. í heild sinni en landsbyggðarfólk.

Starfsaldur: Hlutfallslega færri þeirra sem starfað höfðu í 25 ár eða lengur við hjúkrun en þeir sem starfað höfðu í styttri tíma höfðu leitað til F.í.h. á síðasta ári. Af þeim sem höfðu leitað til F.í.h. á síðasta ári töldu hlutfallslega færri svarendur með 5,5 til 15 ára starfsaldur en þeir sem höfðu annaðhvort styttri eða lengri starfsaldur þjónustu F.í.h. mjög góða. Þeir sem höfðu fimm ára eða skemmri starfsaldur sögðu frekar en þeir sem höfðu lengri starfsaldur að þeir teldu sig ekki vita nægilega mikið um þá styrki sem þeir áttu rétt á að sækja um hjá F.í.h. og BHM. Svarendur með 5,5 til 15 ára starfsaldur töldu sig hafa minni hag af aðild sinni í F.í.h. en aðrir, hlutfallslega færri þeirra en svarendur með styttri og lengri starfsaldur töldu sig hafa mjög eða frekar mikinn hag af aðild í F.í.h. Þá voru hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu lengstan starfsaldur (25 ára eða lengri) en þeir sem höfðu starfað styttra mjög ánægðir með

² Aðeins er fjallað um mun milli hópa þar sem hann reyndist tölfræðilega marktækur.

almenna afgreiðslu F.í.h., símsvörun og viðmót starfsfólks F.í.h. Að lokum voru hlutfallslega fleiri svarendur sem starfað höfðu í 15,5 ár eða lengur mjög sáttir við hefðbundna lokun skrifstofunnar milli jóla og nýárs.

Fjöldi á heimili: Hlutfallslega færri þeirra sem bjuggu á tveggja manna heimilum höfðu leitað til F.í.h. á síðasta ári en þeir sem bjuggu einir eða á fjölmennari heimilum. Af þeim sem leituðu til félagsins á síðasta ári voru hlutfallslega færri á fjölmennustu heimilunum (fjórir eða fleiri) mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu en þeir sem bjuggu á fámennari heimilum.

Starfsvettvangur: Eins og við var að búast leituðu hlutfallslega færri þeirra sem ekki voru í starfi en starfandi hjúkrunarfræðingar til F.í.h. á síðasta ári. Hlutfallslega fleiri svarendur sem störfuðu á sjúkrahúsi og á heilbrigðisstofnun en aðrir svarendur voru mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu hjá F.í.h. Einnig töldu hlutfallslega fleiri starfandi hjúkrunarfræðingar á sjúkrahúsum en þeir sem starfa annars staðar sig vita nógu mikið um þá styrki sem þeir eiga rétt á að sækja um hjá F.í.h. og BHM. Þeir sem voru ekki í starfi sögðust hins vegar vita minnst um styrki sem þeir eiga rétt á að sækja um. Þá töldu hlutfallslega færri svarendur sem störfuðu á sjúkrahúsum en á öðrum starfsvettvangi að þeir hefðu mjög mikinn hag af aðild sinn í F.í.h. Hlutfallslega fleiri þeirra sem ekki voru í starfi en starfandi hjúkrunarfræðingar voru mjög ánægðir með almenna afgreiðslu F.í.h., símsvörun, viðmót starfsfólks F.í.h. og starfsemina í heild sinni. Að lokum voru hlutfallslega mun fleiri þeirra sem ekki voru í starfi en þeir sem störfuðu mjög sáttir við lokun skrifstofunnar milli jóla og nýárs.

Menntun: Hlutfallslega fleiri svarendur með meistara- eða doktorspróf en aðra menntun töldu sig vita nógu mikið um þá styrki sem þeir eiga rétt á að sækja um hjá F.í.h. Hlutfallslega fleiri ljósmæður en aðrir svarendur töldu sig hins vegar vita nógu mikið um styrki hjá BHM. Svarendur með meistara- eða doktorsgráðu voru að jafnaði ánægðari með flesta þætti í starfsemi F.í.h. en aðrir svarendur, hlutfallslega fleiri þeirra voru mjög ánægðir með almenna afgreiðslu F.í.h., símsvörun, viðmót starfsfólks, heimasíðu F.í.h., hagsmunagæslu og starfsemina í heild sinni.

2.4. Tímarit hjúkrunarfræðinga

Til þess að fá upplýsingar um hversu mikið Tímarit hjúkrunarfræðinga væri almennt lesið voru svarendur beðnir um að greina frá því hve oft að jafnaði þeir læsu tímaritið. Tæp 40% sögðust yfirleitt alltaf lesa tímaritið og tæpur þriðjungur sagðist oftast lesa það (sjá töflu 2.4.1.). Einungis 2% sögðust aldrei lesa blaðið.

Tafla 2.4.1. Hversu oft að jafnaði lest þú Tímarit hjúkrunarfræðinga?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Yfirleitt alltaf	454	37%
Oftast	380	31%
Stundum	233	19%
Sjaldan	146	12%
Aldrei	24	2%
Svarar ekki	10	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Rúm 40% svarenda sögðust frekar ánægð með tímaritið en tæpur tíundi hluti sagðist mjög ánægður (sjá töflu 2.4.2.). Um fjórðungur var hins vegar frekar eða mjög óánægður með Tímarit hjúkrunarfræðinga.

Tafla 2.4.2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með Tímarit hjúkrunarfræðinga?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Mjög ánægð(ur)	90	8%
Frekar ánægð(ur)	512	43%
Hvorki né	297	25%
Frekar óánægð(ur)	230	19%
Mjög óánægð(ur)	55	5%
Á ekki við	24	-
Svarar ekki	39	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Þátttakendur voru spurðir hvað þeir læsu helst í blaðinu. Langflestir sögðust lesa *fræðslugreinar* (83%) og um þrír fjórðu hlutar sögðust lesa *umfjöllun um kjaramál, þankastrik, umfjöllun um heilbrigðismál og viðtöl* (sjá töflu 2.4.3.). Fæstir lásu *bókagagnrýni* eða fjórðungur svarenda.

Tafla 2.4.3. Hvað lestu helst í blaðinu?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall svarenda</i>
Fræðslugreinar	968	10%	83%
Umfjöllun um kjaramál	912	9%	78%
Þankastrik	865	9%	74%
Umfjöllun um heilbrigðismál	864	9%	74%
Viðtöl	852	8%	73%
Almenna fréttapunkta um heilbrigðismál	808	8%	69%
Fréttir frá félaginu	770	8%	66%
Formannspistil	649	7%	55%
Ráðstefnur	628	6%	54%
Ritryndar fræðigreinar	513	5%	44%
Litið um öxl	499	5%	43%
Forvarnarpistil	451	5%	38%
Ritstjóraspjall	411	4%	35%
Bókakynningar	410	4%	35%
Bókagagnrýni	290	3%	25%
<i>Alls</i>	<i>9890</i>	<i>100%</i>	<i>843%</i>

**Leyfilegt var að merkja við fleiri en einn möguleika og því er samanlagt hlutfall svarenda yfir 100%*

Svarendur voru beðnir um að greina frá því hversu hæfileg þeim þætti umfjöllun um einstaka efnisflokka Tímarits hjúkrunarfræðinga og má sjá niðurstöðurnar í töflu 2.4.4. Meirihlutinn kaus meiri umfjöllun um *fræðslugreinar* (60%), *kjaramál* (59%), *heilbrigðismál* (54%) og *almenna fréttapunkta* (53%). Um fjórðungur vildi að *ritryndar fræðigreinar* fengju minna vægi í blaðinu og tæpur fimmtungur vildi minni umfjöllun um *bókagagnrýni*.

Tafla 2.4.4. Finnst þér mega vera meiri eða minni umfjöllun um eftirfarandi efnisflokkka eða finnst þér hún hæfileg eins og hún er?

	<i>Minni</i>	<i>Meiri</i>	<i>Hæfileg</i>	<i>Alls</i>	<i>Fjöldi</i>
Ritrýndar fræðigreinar	24%	23%	53%	100%	954
Fræðslugreinar	3%	60%	37%	100%	1007
Umfjöllun um heilbrigðismál	1%	54%	44%	100%	989
Umfjöllun um kjaramál	2%	59%	40%	100%	1008
Fréttir frá félaginu	3%	41%	56%	100%	968
Viðtöl	6%	42%	51%	100%	973
Þankastrik	7%	17%	76%	100%	925
Forvarnarpistill	5%	25%	70%	100%	873
Litið um öxl	14%	14%	73%	100%	879
Ráðstefnur	6%	36%	58%	100%	932
Bókakynningar	12%	28%	60%	100%	895
Bókagagnrýni	17%	20%	63%	100%	859
Formannspistill	7%	6%	87%	100%	892
Ritstjóraspjall	11%	4%	85%	100%	875
Almennir fréttapunktur	3%	53%	44%	100%	974

Aðspurður sagðist stærstur hluti þátttakenda, eða þrír fjórðu hlutar, ekki hafa kynnt sér ritstjórnarstefnu Tímarits hjúkrunarfræðinga (sjá töflu 2.4.5.).

Tafla 2.4.5. Hefurðu kynnt þér ritstjórnarstefnu Tímaritsins?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Nei	923	78%
Já	253	22%
Svarar ekki	71	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Þeir sem höfðu kynnt sér ritstjórnarstefnuna voru hins vegar spurðir hvort þeir væru ánægðir með hana. Tveir þriðju þeirra sögðust ánægðir með stefnuna en þriðjungur var ekki ánægður (sjá töflu 2.4.6.).

Tafla 2.4.6. Ef já, ertu ánægð(ur) með hana?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Já	156	66%
Nei	81	34%
Á ekki við	921	-
Svarar ekki	89	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Þeir sem sögðust ekki ánægðir með ritstjórnarstefnu blaðsins voru beðnir um að útlista hvað mætti betur fara. Svör þessa hóps má sjá í töflu 2.4.7. en einungis 45 manns svöruðu spurningunni. Flestir vildu sjá meiri umfjöllun um klíniska hjúkrun, þ.e. meira af efni sem gæti nýst þeim í starfi. Einhverjum fannst einnig að blaðið væri of þungt og vildu að meira yrði lagt upp úr léttara og skemmtilegra efni.

Tafla 2.4.7. Hverju viltu breyta?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Meiri umfjöllun um klíniska hjúkrun	14	31%
Blaðið er of þungt, meira af léttu efni	8	18%
Meira af stuttum greinum, minna af löngum fræðilegum	5	11%
Meiri umfjöllun um réttindamál og aðstöðu	4	9%
Meira af ritrýndum fræðigreinum	4	9%
Annað	10	22%
Á ekki við	1166	-
Svarar ekki	36	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Spurt var hvort félagsmenn vildu að gefin yrðu út eitt til tvö sérrit á ári með ritrýndum greinum. Meirihlutinn, eða tæp 60%, kvaðst kjósa það fyrirkomulag (sjá töflu 2.4.8.).

Tafla 2.4.8. Myndir þú vilja að gefin yrðu út 1-2 sérrit á ári með ritrýndum greinum?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Já	631	58%
Nei	462	42%
Svarar ekki	154	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Um þessar mundir kemur Tímarit hjúkrunarfræðinga út fimm sinnum á ári. Meirihluti svarenda, eða um þrjú fjórðu hlutar, kvaðst ekki vilja breyta fjölda tölublaða á ári (sjá töflu 2.4.9.). Hins vegar vildu um 15% fækka fjölda tölublaða og aðeins færri vildu fjölga þeim (12%).

Tafla 2.4.9. Myndir þú vilja fækka eða fjölga fjölda tölublaða á ári?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Engu breyta	825	73%
Fækka tölublöðum	170	15%
Fjölga tölublöðum	134	12%
Svarar ekki	118	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Að lokum voru svarendur spurðir hvort þeir vildu eiga þess kost að fá aðstoð frá F.í.h. við skrif fræðigreina. Rúmur helmingur sagðist vilja fá slíka aðstoð (sjá töflu 2.4.10.).

Tafla 2.4.10. Myndir þú vilja eiga kost á aðstoð frá F.í.h. við skrif fræðigreina?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Já	615	57%
Nei	457	43%
Svarar ekki	175	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

2.3. Tímarit hjúkrunarfræðinga og bakgrunnspættir

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum úr bakgrunnsgreiningu á svörum við spurningum um Tímarit hjúkrunarfræðinga. Í töflum 3.15.-3.21. á bls. 61-67 má finna niðurstöðurnar í heild sinni.³

Aldur: Hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 55 ára og eldri en í yngri aldurshópnum sögðust yfirleitt alltaf lesa Tímarit hjúkrunarfræðinga. Svarendur í aldurshópnum 35 til 44 ára voru óánægðri með tímaritið en aðrir svarendur, hlutfallslega fleiri þeirra eru mjög eða frekar óánægðir með blaðið. Miðað við eldri aldurshópa var yngsti aldurshópurinn (24-35 ára) síst duglegur að kynna sér ritstjórnarstefnu tímaritsins. Af þeim sem höfðu kynnt sér ritstjórnarstefnuna voru svarendur á aldrinum 35 til 44 ára hins vegar síst ánægðir með stefnuna. Hlutfallslega færri í aldurshópnum 55 ára og eldri en í yngri hópnum vildu að gefin yrðu úr eitt til tvö sérrit á ári með ritrýndum fræðigreinum. Hlutfallslega fleiri í yngsta aldurshópnum en eldri hópnum vildu einnig að fjöldi tölublaða á ári yrði aukinn. Að sama skapi voru hlutfallslega fleiri í þessum aldurshópi sem vildu fá aðstoð við skrif fræðigreina og var áhuginn minni eftir því sem aldur svarenda var hærri.

Búseta: Lítil sem enginn munur kom fram á svörum fólks eftir búsetu. Þó sögðust hlutfallslega fleiri höfuðborgarbúar en landsbyggðarfolk sjaldan eða aldrei lesa Tímarit hjúkrunarfræðinga.

Starfsaldur: Svarendur sem höfðu starfað við hjúkrun í 25 ár eða lengur voru ötulli við lestur tímaritsins en yngri aldurshópar, hlutfallslega fleiri þeirra en aðrir svarendur sögðust yfirleitt alltaf lesa blaðið. Hlutfallslega fleiri hjúkrunarfræðingar sem starfað höfðu í 5,5, til 15 ár en aðrir hjúkrunarfræðingar voru mjög eða frekar óánægðir með blaðið. Svarendur með 15 ára eða styttri starfsaldur vildu frekar fjölga fjölda tölublaða á ári en svarendur með lengri starfsaldur. Að lokum höfðu hlutfallslega fleiri svarendur með stutta starfsreynslu (fimm ár eða minna) en svarendur með lengri starfsreynslu áhuga á að fá aðstoð við skrif fræðigreina. Áhuginn minnkaði eftir því sem starfsaldur svarenda var hærri.

Fjöldi á heimili: Svarendur sem búa á tveggja manna heimilum sögðust lesa Tímarit hjúkrunarfræðinga oftast en svarendur sem bjuggu einir eða á fjölmennari heimilum. Hlutfallslega færri þátttakendur sem bjuggu einir en þeir sem bjuggu á fjölmennustu heimilunum (fimm eða fleiri) voru mjög ánægðir með tímaritið. Þá höfðu hlutfallslega fleiri svarendur sem bjuggu á fjölmennum heimilum (fjögurra manna eða fleiri) en fámennari heimilum áhuga á að fá aðstoð við skrif fræðigreina.

³ Aðeins er fjallað um mun milli hópa þar sem hann reyndist tölfræðilega marktækur.

Starfsvettvangur: Hlutfallslega færri svarendur sem starfa á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum en á öðrum starfsvettvangi voru frekar eða mjög ánægðir með Tímarit hjúkrunarfræðinga. Hlutfallslega fleiri í þessum hópum myndu einnig vilja að gefin yrðu út eitt til tvö sérrit á ári með ritrýndum fræðigreinum. Að lokum höfðu hlutfallslega færri svarendur sem ekki voru í starfi en þeir sem störfuðu áhuga á að fá aðstoð við skrif fræðigreina.

Menntun: Svarendur með meistara- eða doktorsnám að baki skáru sig mest úr hópnum. Hlutfallslega færri með meistara- eða doktorspróf en svarendur með aðra menntun sögðust sjaldan eða aldrei lesa Tímarit hjúkrunarfræðinga. Þá voru hlutfallslega færri með meistara-, doktors- eða ljósmóðurnám að baki sem voru frekar eða mjög óánægðir með blaðið en svarendur með annars konar menntun. Auk þess höfðu hlutfallslega mun fleiri þeirra sem höfðu meistara- eða doktorsnám en aðra menntun kynnt sér ritstjórnarstefnu tímaritsins. Hlutfallslega færri í þessum hópi en öðrum hópum vildu að gefin yrðu út sérrit með ritrýndum greinum. Að lokum vildu hlutfallslega fleiri svarendur með meistara- eða doktorsgráðu en svarendur með aðra menntun fjölga fjölda tölublaða á ári og þessi sami hópur vildi einnig frekar en aðrir fá aðstoð við ritun fræðigreina.

2.6. Símenntun og fræðsluþörf

Hér verða kynntar niðurstöður úr spurningum um símenntun og fræðsluþörf hjúkrunarfræðinga. Félagsmenn voru spurðir hve oft þeir sæktu faglega fræðslu, hvar þeir sæktu hana og hvernig þeim fyndist best að háttu slíkri fræðslu.

Spurt var hve oft á síðastliðnum 12 mánuðum viðkomandi hefði sótt faglega símenntun. Tæplega þriðjungur sagðist sækja símenntun ársfjórðungslega og tæpur fjórðungur árlega (töflu 2.6.1.). Um 17% sögðust aldrei sækja faglega símenntun.

Tafla 2.6.1. Hve oft á síðastliðnum 12 mánuðum hefur þú sótt faglega símenntun?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vikulega eða oft	61	5%
Mánaðarlega	165	14%
Ársfjórðungslega	357	31%
Árlega	282	25%
Aldrei	191	17%
Nýútskrifað(ur) eða í námi	57	5%
Starfar ekki	8	1%
Annað	17	1%
Svarar ekki	109	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

Þeir sem höfðu ekki sótt neitt námskeið síðastliðna 12 mánuði voru beðnir um að tilgreina ástæður fyrir því að ekkert námskeið var sótt. Í töflu 2.6.2. má sjá þær ástæður sem nefndar voru. Flestir sögðu að kostnaður eða annir í vinnunni hefðu valdið því að ekkert námskeið var sótt, eða um helmingur svarenda.

Tafla 2.6.2. Er eitthvað eftirtalið ástæða fyrir því að þú sóttir ekkert námskeið á síðastliðnum 12 mánuðum?*

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall svarenda</i>
Vegna kostnaðar	296	20,0%	46%
Hafðir ekki tíma vegna anna í vinnunni	288	19,5%	45%
Hafði ekki tíma vegna fjölskyldu	150	10,1%	23%
Lítið framboð námskeiða	142	9,6%	22%
Námskeiðin eru haldin á vinnutíma	138	9,3%	21%
Á erfitt með að sækja námskeið, t.d. vegna veikinda	96	6,5%	15%
Veit ekki hvaða námskeið standa til boða	72	4,9%	11%
Afla mér sjálf(ur) þeirrar þekkingar sem mig vantar	72	5,0%	11%
Hafði ekki áhuga	27	1,8%	4%
Námskeiðin eru of löng	18	1,2%	3%
Það er ekki þörf á því í mínu starfi	12	0,8%	2%
Vegna slæmrar reynslu	5	0,3%	1%
Annað	164	11,0%	25%
<i>Alls</i>	<i>1480</i>	<i>100,0%</i>	<i>229%</i>

**Leyfilegt var að merkja við fleiri en einn möguleika og því er samanlagt hlutfall svarenda yfir 100%*

Eins og sést í töflu 2.6.3. sagðist meirihluti svarenda sækja faglega símenntun á vinnustað, eða um þrjár fjórðu hlutar. Tæpur helmingur sækir símenntun til Endurmenntunar Háskóla Íslands og um þriðjungur til fagdeilda F.í.h.

Tafla 2.6.3. Hvert sækir þú faglega símenntun?*

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall svarenda</i>
Á vinnustað	802	35,9%	76%
Til Endurmenntunar HÍ	507	22,7%	48%
Til fagdeilda F.í.h.	315	14,0%	30%
Til svæðisdeilda	148	6,6%	14%
Til F.í.h.	93	4,4%	9%
Annað	369	16,4%	35%
<i>Alls</i>	<i>2235</i>	<i>100,0%</i>	<i>213%</i>

**Leyfilegt var að merkja við fleiri en einn möguleika og því er samanlagt hlutfall svarenda yfir 100%*

Þegar spurt var hvar svarendur leituðu sér upplýsinga um faglega símenntun sögðust þrjár fjórðu hlutar svarenda skoða auglýsingar á vinnustað sínum og 70% sögðust leita upplýsinga á netinu (sjá töflu 2.6.4.). Einnig má sjá að um helmingur sagðist skoða auglýsingar í tímariti F.í.h.

Tafla 2.6.4. Hvar leitar þú upplýsinga um faglega símenntun?*

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall svarenda</i>
Auglýsingar á vinnustað	798	25%	74%
Á netinu	750	23%	70%
Auglýsingar í tímariti F.í.h.	546	17%	51%
Á heimasíðu F.í.h.	453	14%	42%
Í öðrum fagtímaritum	259	8%	24%
Í auglýsingum dagblaðanna	250	8%	23%
Annað	145	5%	13%
<i>Alls</i>	<i>3201</i>	<i>100%</i>	<i>297%</i>

**Leyfilegt var að merkja við fleiri en einn möguleika og því er samanlagt hlutfall svarenda yfir 100%*

Spurt var hvaða tímar hentuðu fólki til að sækja faglega símenntun. Flestir sögðu að fræðsla sem varði í nokkra samliggjandi daga myndi helst henta sér (82%) og næstflestir sögðu að fræðsla eftir hádegi á virkum dögum hentaði sér (sjá í töflu 2.6.5.). Hins vegar ber að athuga að óvenju margir slepptu að svara þessum spurningum og er ekki til nein viðhlítandi skýring á því.

Tafla 2.6.5. Hvaða tími hentar þér helst til að sækja faglega símenntun?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Pegar fræðsla varir í nokkra samliggjandi daga		
Já	516	82%
Nei	111	18%
Á ekki við	14	-
Svarar ekki	607	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>
Eftir hádegi virka daga		
Já	445	77%
Nei	131	23%
Á ekki við	14	-
Svarar ekki	657	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>
Fyrir hádegi virka daga		
Já	351	70%
Nei	149	30%
Á ekki við	14	-
Svarar ekki	733	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>
Eftir kl. 17 virka daga		
Já	375	66%
Nei	196	34%
Á ekki við	14	-
Svarar ekki	663	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>
Um helgar		
Já	344	64%
Nei	191	36%
Á ekki við	14	-
Svarar ekki	698	-
<i>Alls</i>	<i>1247</i>	<i>100%</i>

